

## Fundargerð stjórnar

\*\*\*\*\*

### 93. fundur stjórnar Brunavarna Árnassýslu (BÁ) haldinn kl. 12.00, föstudaginn 6. febrúar 2009 að Austurvegi 52 Selfossi

**Mætt: Margrét K. Erlingsdóttir, Snæbjörn Sigurðsson,  
Ólafur F. Leifsson**

**Einnig mættu:**

**Sigurður Sigurjónsson, lögmaður, Snorri Baldursson, varasl.stjóri  
og Kristján Einarsson, sl.stjóri, sem ritaði fundargerð.**

#### 1. Húsnæðismál slökkviliðs

Sigurður fór yfir málið frá síðasta fundi stjórnar. Hann hefur rætt við aðila sem tengjast húsinu við Árveg, fram kom hjá þessum aðilum að ekkert nýtt er í stöðunni.

**Stjórn BÁ samþykkir að biða áfram eftir hugsanlegum niðurstöðum.  
Stjórnin áréttar að BÁ mun standa við gerða samninga varðandi leigu á  
þeim hluta hússins sem ætlaður er slökkviliðinu.**

#### 2. Staðan í símaburðarmáli

Sigurður fór yfir málið frá síðasta fund stjórnar og þeim málalokum sem urðu. Málið rætt út frá ýmsum hliðum.

Kristján greindi frá því að búið væri að greiða lögmanni LSS og þeim 25 sl.mönnum sem stefndu BÁ. Einnig væri búið að greiða þeim rúmlega 30 sl.mönnum sem ekki kærðu burðargjaldið fyrir árin 2006, 2007 og 2008. Verið væri að reikna út dráttavextina á þennan hóp.

Fram kom hjá Kristjáni að nokkrir sl.menn hefðu viljað láta þessar greiðslur falla niður hjá sér.

Niðurstaðan er að öllum sl.mönnum er greitt burðargjaldið fyrir öll árin, en nokkrir sl.menn vildu ekki þiggja vexti né dráttavexti.

#### 3. Málefni tengt skiptingu framlaga

Kristján greindi frá því að þrjár af fimm sveitarstjórnnum hefðu samþykkt skiptingu framlaga eins og lagt var til fyrir árið 2009, þ.e.a.s 70%-30%.

Sveitarfélögin eru: Bláskógabyggð, Flóahreppur og Grímsnes og Grafningshreppur.

Kristján mun leita eftir niðurstöðum þeirra sveitarfélaga sem ekki hafa sent svar sitt.

Í umræðum kom fram að stjórn BÁ ræddi það á síðasta fundi sínum að tillagan um skiptingu framlaga, 70-30 tillagan, hefði verið áfangatillaga. Hugmynd stjórnar er að leggja fram tillögu sem miðar að skiptingu framlaga sem leiðir til endanlegrar niðurstöðu árið 2011 sem miðar við 60-40 skiptingu. Stjórn BÁ mun því leggja fram tillögu fyrir fjárhagsárið 2010 sem miðar við 65-35 skiptingu og síðan árið 2011, endanlega niðurstöðu, 60%-40%.

#### 4. Málefni slökkvitækjaþjónustu

Kristján greindi frá því að þrjár af fimm sveitarstjórnnum hefðu samþykkt breytingu á rekstarfyrirkomulagi slökkvitækjaþjónustu.

Sveitarfélögin eru: Bláskógabyggð, Flóahreppur og Grímsnes og Grafningshreppur.

Kristján mun leita eftir niðurstöðum þeirra sveitarfélaga sem ekki hafa sent svar sitt.

#### 5. Önnur mál

- a) Rætt um fjármál BÁ í ljósi “óvænts” kostnaðar vegna símaburðargreiðslna til slökkviliðsmanna. Einnig var rætt um stöðu fjármála sveitarfélaga. Samþykkt að afla gagna fyrir næsta fund stjórnar og fara yfir fjárhagsáætlun fyrir árið 2009. Líklegt er að beita þurfi aðhaldi á komandi ári í ljósi aðstæðna.
- b) Kristján ræddi vinnu við bókhald BÁ og vinnu vegna ýmissa erinda sem krefjast mikillar tölvu- og pappírsvinnu. Keypt hefur verið vinna hjá Árborg við uppgjörs bókhalds og launa. Sú vinna hefur gengið afar vel undanfarin ár en rætt hefur verið um það af hálfu starfsmanna Árborgar að hugað yrði að breytingum þar sem starfskraftar Árborgar þyrftu að nýttast sveitarfélaginu alfarið. Kristján lagði til að þessi vinna yrði sameinuð í einum aðila sem og önnur pappírsvinna sem nú hvílir á sl.stjóra.  
**Samþykkt að afla gagna og skoða málið frekar.**
- c) **Næsti fundur stjórnar verður föstudaginn 6. mars n.k. kl. 12.00 að Austurvegi 52 Selfossi (Slökkvistöð)**

**Ekki fleira gert og fundi slitið kl. 15.35**

**Margrét K. Erlingsdóttir, Ólafur F. Leifsson, Snæbjörn Sigurðsson,  
Snorri Baldursson, Sigurður Sigurjónsson,  
Kristján Einarsson**